

7

Ár 1979, þriðjudaginn 16. janúar, var í málinu nr. 7/1978 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 1. mars 1978, kærði eigandi fasteignarinnar nr. 5 við Skólavörðustíg í Reykjavík, Óskar Gíslason, til Fasteignamats ríkisins yfir mati á lóð nefndrar fasteignar, þar sem hann taldi matið of hátt. Kæru þessari var hafnað með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 15. júní 1978. Síðastgreindum úrskurði skaut kærandi til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 30. júní 1978. Vísar kærandi til þess, að lóðarmatið sé alltof hátt, þegar það sé t.d. borð saman við mat lóðanna nr. 3 og 8 við Skólavörðustíg.


Umrædd lóð er 200,7 m² að stærð og var metin á samtals kr. 23.557.000,- í fasteignamati því, sem öðlaðist gildi hinn 31. desember 1977. Nefndin hefur við úrskurð máls þessa haft hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir liggja um lóðaverð í Reykjavík, og upplýsingum varðandi nýtingu umræddrar lóðar, sem liggur vel við verslun og viðskiptum. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum, sem máli skipta, telst fasteignamat lóðarinnar hæfilega ákveðið kr. 21.074.000,- í fasteignamati því, sem gekk í gildi 31. desember 1977, og kr. 29.925.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1978.


Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fasteignamat lóðarinnar nr. 5 við Skólavörðustíg í Reykjavík ákveðst kr. 21.074.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 31. desember 1977, og kr. 29.925.000,- í fasteignamati því, sem öðlaðist gildi 1. desember 1978.



Gaukur Jörundsson.


Magnús Thoroddsen.


Pétur Stefánsson.